


Unitaraskirkjan í Winnipeg.

Eins og getið var um í íslensku blöðunum hér í haust, þá var hin nýja kirkja Unitarasafnaðarins íslenska í Winnipeg vígð sunnudaginn þann 15. okt. að viðstöddu miklu fjölmenni og gestum víðsvegar að. Vígsluræðuna flutti Rev. Franklin C. Southworth, forseti Meadville prestaskólans í Pennsylvania. Auk hans fluttu þessir menn ræður við það tækifæri: Séra Magn. J. Skaftason, fyrrum prestur þessa safnaðar, séra J. P. Sólmundsson, er einnig var þjónandi prestur kirkjunnar í eitt ár (1902—3), Rev. F. H. M. Ross, Hon. Skafti B. Brynjólfsson, og herra B. L. Baldwinson M. P. P.



Hin nývigða kirkja íslenska Unitarasafnaðarins í Winnipeg.

Vígsluathöfnin fór fram kl. 3 um daginn. En um kvöldið hélt söfnuðurinn hinum aðkomnu gestum samsæti í fundarsal kirkjunnar, og stóð það yfir langt fram á nótt.

Um það er kirkjan var vígð, var rétt ár liðið frá því að byrjað var á smíði.